

Forsætisnefnd

Birting launaupplýsinga kjörinna fulltrúa á vef Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt ósk forseta borgarstjórnar frá því í september sl. hefur skrifstofa borgarstjórnar unnið að því á síðustu vikum að setja upp sérstaka síðu með upplýsingum um þær reglur sem gilda um laun kjörinna fulltrúa ásamt fjárhæðum. Hér með tilkynnist forsætisnefnd að upplýsingasíðan sem verður vistuð undir síðu borgarstjórnar, verður birt á næstu dögum. Upplýsingarnar sem birtar verða hafa lengi verið aðgengilegar á heimasíðu Reykjavíkurborgar en ekki settar fram á jafnskýran hátt og nú verður gert. Á síðunni verður jafnframt tengill á gildandi samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg og skyld gögn. Eftirfarandi upplýsingar og tölur verða birtar:

Grunnlaun borgarfulltrúa: kr. 726.748.

Grunnlaun 1. varaborgarfulltrúa kr. 508.724.

Borgarfulltrúi fær greiddan starfskostnað kr. 52.486, til að mæta öllum persónulegum kostnaði vegna starfsins.

Borgarfulltrúi á rétt á 25% álagi á laun ef hann gegnir formennsku í fagráði/borgarstjórnarflokki **eða** ef hann situr í þremur eða fleiri fastanefndum.

Borgarfulltrúi sem situr í borgarráði á rétt á 25% álagi á laun, kjörinna varamaður á rétt á 6% álagi og formaður borgarráðs á rétt á 40% álagi.

Forseti borgarstjórnar á rétt á 25% álagi á laun.

Laun borgarfulltrúa með 6% álagi (varamaður í borgarráði) kr. 770.353.

Laun borgarfulltrúa með 25% álagi (s.s. vegna setu í þremur nefndum) kr. 908.435.

Laun borgarfulltrúa með 2*25% álagi (s.s. vegna setu í borgarráði og öðrum þremur nefndum) kr. 1.090.122.

Laun 1. varaborgarfulltrúa með 6% álagi (varamaður í borgarráði) kr. 552.328.

Laun 1. varaborgarfulltrúa með 25% álagi (s.s. vegna setu í þremur nefndum) kr. 690.411.

Skrifstofa borgarstjórnar hefur jafnframt óskað eftir leyfi til þess að fá að birta fjárhæð

launagreiðslna sem samþykktar hafa verið til stjórnarmanna í Strætó, Sorpu, Orkuveitu Reykjavíkur, Faxaflóahöfnum, Félagsbústaða, Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar og Malbikunarstöðina Höfði. Þegar samþykki fyrirtækjanna liggur fyrir verða launagreiðslur á þeirra vegum birtar á sama hátt.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar